

Fundargerð XXXVIII. landsþings

Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2023, föstudaginn 31. mars kl. 10:00, var XXXVIII. landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga haldið á Hótel Reykjavík Grand, Sigtúni 28, 105 Reykjavík.

1. Þingsetning

Heiða Björg Hilmsdóttir, formaður stjórnar setti þingið og bauð þingfulltrúa velkomna.

Heiða sagðist vera vongóð fyrir fjölbreyttum áskorunum sem standa nú fyrir sveitarfélögum og minnti á mikilvægi góðra verka. Sveitarstjórnir standi vel að vígi enda harðuglegt fólk og því við engu öðru að búast en að áskorunum verði mætt með lausnum.

Heiða sagði að ekki séu til þau umræðuefni sem ekki eru viðkomandi sveitastjórnarfólki og því erfitt að velja hvað ræða skuli á þinginu en ákveðið hafi verið að ræða rammasamninginn í húsnæðismálum, móttöku flóttafólks og kjaramál.

Það voru mikil tímamót þegar fulltrúar sambandsins, innviðaráðherra og HMS undirrituðu í júlí í fyrra rammasamning um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis. Brýnasta verkefnið fram undan í húsnæðismálum verði að öllum líkindum að styðja við fjölskyldur sem nú standa frammi fyrir greiðsluerfiðleikum vegna hærri húsnæðiskostnaðar og framfærslu.

Hingað hafa einnig aldrei komið eins margir einstaklingar í leit að alþjóðlegri vernd en stríð í Úkraínu vegur þar þungt ásamt því að fólk komi víða að úr heiminum. Níu sveitarfélög höfðu skrifað undir samning um samræmda móttöku flóttafólks. Brýnt væri að fleiri sveitarfélög leggi móttöku flóttafólksins lið eftir getu og möguleikum. Sveitarfélögin eru miklu betur stödd til þess að taka á móti þessu fólki bæði til þess að hjálpa þeim að aðlagast og til þess að hjálpa okkur til þess að aðlagast, því að samfélagið er að breytast og að við værum allskonar.

Heiða nefndi hið mikilvæga starf sveitarfélaganna á nýjum nálgunum í þjónustu fyrir farsæld barna og bættrar þjónustu fyrir börn sem eiga í fjölpættum vanda. Þessi málefni væru dæmi ávaxtar af vinnu sem Samband íslenskra sveitarfélaga á umtalsverðan heiður af. Þar er minnst á kortlagningu grárra svæða í velferðarþjónustu og ákalli aukins samstarfs um lausn flókinna mála. Formaðurinn sagðist skynja vilja til þess af hálfu ráðherra í ríkisstjórn Íslands og starfsfólki ráðuneyta og stofnana að vinna með sveitarfélögunum að frekari úrbótum.

Eitt af mikilvægustu þingmálum sem samþykkt voru á síðasta ári var framlenging bráðabirgðaákvæðis með lögum um þjónustu við fatlað fólk með miklar stuðningsþarfir. Innleiðingartímabil notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar (NPA) var framlengt um tvö ár og sett markmið um að fjölgum samningum um þá þjónustu markvisst á þessu og næsta ári. Mikil sátt náðist um þessar breytingar.

Heiða sagði fjárhagsstöðu sveitarfélaga þarfnað úrbóta. Yfirferð eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga á fjárhagsáætlunum leiddi til þeirrar niðurstöðu að 20 sveitarfélög uppfylltu ekki lágmarksviðmið nefndarinnar. Þetta mætti rekja til þess að forsendur um verðbólgu hafa algjörlega brugðist en það bítur sérstaklega í fyrir skuldsett sveitarfélög. Formaður sagði það blasa við að sveitarfélög þurfi væntanlega að endurskoða fyrirhugaðar fjárfestingar í því skyni að draga úr þenslu og lækka fjármagnskostnað. Það væri því alveg ljóst að sveitarfélög muni þá aðeins geta staðið við þessi áform ef málaflokkur fatlaðs fólks verði að

fullur fjármagnaður. Formaðurinn færði rök fyrir því að halli málaflokks umönnun fatlaðra sé helsta ógn gegn fjárhagslegri sjálfbærni sveitarfélaga. Forgangsverkefni á næstu vikum og mánuðum verður að ná ásættanlegri niðurstöðu í viðræðum við ríkisvaldið um fjármögnun málaflokksins.

Heiða kynnti einnig tillögu um nokkuð róttækjar breytingar á reiknireglum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Heildarframlög sjóðsins verði óbreytt en tillögurnar fela í sér verulega tilfærslu milli sveitarfélaga. Hún sagði að sambandið taki ekki afstöðu til þeirra sem slíkra en hvatti til umræðu í samráðsgátt stjórnavalda.

Hvítbók í málefnum sveitarfélaga er þáttur í stefnumótunarferli ríkisvaldsins í málefnum sveitarfélaga og hafa þrír fulltrúar úr stjórn sambandsins komið að vinnu við hvítbókina. Stefnuskjalið hefur verið unnið á grunni grænbókar um stöðu og valkosti íslenskra sveitarfélaga frá því í lok síðasta árs. Hvítbókin er komin í samráð í samráðsgátt og hvatti formaður sveitarfélög til að taka hvítbókina til umræðu og koma sjónarmiðum á framfæri.

Heiða sagði frá könnun þar sem 27% 16-20 ára sögðust vilja búa í útlöndum í framtíðinni en 72% sögðu gæði þjónustu sveitarfélagsins skipta miklu máli við val á framtíðarbúsetu. Þetta segir okkur að við erum ekki í samkeppni innbyrðis um unga fólkis heldur erum við í samkeppni við útlönd.

Formaður sagði farsæla niðurstöðu kjarasamninga afar mikilvægan hluta fjármála sveitarfélaga. Kjarasamningar við starfsfólk sveitarfélaga runnu út 31. mars 2023. Kappsmál væri að samningar taki við af samningum. Af þeim sökum höfðu samningaviðræður verið umfangsmikill þáttur í starfsemi sambandsins seinustu vikur og mánuði. Árið 2016 var samið um að samræma lífeyrirséttindi launafólks hvort sem það starfar hjá hinu opinbera eða á almennum markaði. Á móti skyldi jafna laun og launakjör á milli þessara markaða. Þetta hafi ekki reynst áhlaupaverk og nefnd sem falið var að vinna það hefur ekki náð saman um endanlega niðurstöðu.

Ljóst væri að fyrirhugaðar væru breytingar á starfsemi sambandsins en áfram verði lögð áhersla á góða þjónustu við sveitarfélögum og öfluga hagsmunabaráttu fyrir málefnum þeirra. Breytingarnar muni vinna áfram að nýsköpun í opinberum rekstri. Sambandið muni áfram vinna að miðlægu samstarfi sveitarfélaga til að auðvelda þeim að verða virkir þátttakendur í stafrænni framþróun og nýta nútímatækni til góðra verka. Nýr framkvæmdarstjóri verði ráðinn fljóttlega.

Heiða sagði vettvang sveitarstjórnna ætlaðan til samvinnu og umbóta. Samvinna væri ekki unnin af einni manneskju og byggi ekki á einu viðhorfi. Heiða lýsti yfir þakklæti fyrir þeirri góðu samvinnu sem hefur átt sér stað undanfarin ár.

Heiða þakkaði Karli Björnssyni, fráfarandi framkvæmdarstjóra fyrir samstarfið og fyrir ötullega baráttu fyrir hagsmunum sveitarfélaga undanfarna áratugi, en Karl hefur lifað og hrærst í sveitarstjórnarmálum allan sinn starfsferil og verið framkvæmdarstjóri sambandsins síðan árið 2008.

2. Kosning þingforseta, ritara og kjörbréfanefndar

Samkvæmt tillögu formanns sambandsins var Einar Þorsteinsson og Þórdís Sif Sigurðardóttir kjörnir þingforsetar. Einnig lagði formaður til að þingritrarar yrðu Nökkvi Dan Ellíðason og Þorgerður Marfa Þorbjarnardóttir starfsfólk sambandsins. Engin mótmæli tillögunum.

Var þá borin upp tillaga um kjörbréfanefnd. Í kjörbréfanefnd voru kjörin Valur Rafn Halldórsson, Kolbrún Erna Magnúsdóttir og Ragnheiður Snorradóttir, starfsfólk sambandsins. Þingforsetar tóku næst við stjórn þingsins og kynntu umræðufyrirkomulag þingsins.

3. Staða kjarasamningsviðræðna sambandsins

Ellisif Tinna Víðisdóttir, lögfræðingur kjarasviðs sambandsins.

Alls 38 kjarasamningar við 58 stéttarfélög renna út á árinu 2023. Sumir í mars og aðrir í september.

Viðræður hafi verið í gangi milli heildarsamtaka opinberra vinnuveitenda og opinbera starfsmanna síðan í janúar. Umræðu um tiltekin málefni verði beint á sameiginlegan vettvang opinberra vinnuveitenda og önnur málefni verði eftir atvikum rædd við einstök stéttarfélög.

Farið var yfir markmið opinberra vinnuveitenda um að gera 13-14 mánaða skammtímasamninga sem gilda fram í maí 2024 og gera viðræðuáætlunar við heildarsamtök launafólks og einstök sveitarfélög til undirbúnings fyrir langtímasamninga sem taki við á árinu 2024. Rætt verður um reynslu og árangur af framkvæmd betri vinnutíma og hvort frekari aðgerða sé þörf til að ná markmiðum verkefnisins. Vinnuhópur vinnuveitenda og samtaka launafólks hefur lokið vinnu við lagfæringer á vaktavinnukerfinu.

Ellisif sagði að 5 ára endurskoðun starfsmats hafi farið fram sem byggir á bókun með gildandi kjarasamningum stéttarfélaga sem hafa samið um starfsmat við Samband íslenskra sveitarfélaga. Vinnan hófst 2020 og lauk í febrúar 2023. Kostnaðarmat er 1,1% en eftir á að semja við stéttarfélögum um gildistöku launahækkanum sem endurskoðuninni fylgja.

4. Áskoranir kjaraviðræðna og jöfnun launa milli markaða

Helgi Aðalsteinsson, hagfræðingur á kjarasviði sambandsins.

Helgi talaði um jöfnun launa milli markaða og sagði verkefnið byggja á samkomulagi frá 2016 um grundvallar breytingar á skipan lifeyrismála á opinberum vinnumarkaði. Þá fari fram viðræður og greiningarvinna meðal opinberra vinnuveitenda og bandalaga stéttarfélaga undir fundarstjórn ríkissáttasemjara en á lofti væru skýr fyrirheit um jöfnun launa og annara kjara á íslenskum vinnumarkaði.

Pann 23. mars síðastliðinn var undirritað áfangasamkomulag á grundvelli 7. gr. samkomulags aðila. Opinberir vinnuveitendur lögðu fram 1.808 m.kr. til að leiðréttu hópa sem komi til greiðslu 1. október 2023. Heildarframlag sveitarfélaga verði 948 m.kr. og innleitt annars vegar með breytingum á starfsmati og hins vegar breytingum á launatóflum. Hóparnir sem um ræðir tilheyra heilbrigðis- og velferðarþjónustu sem veitir klíníkska þjónustu og menntastofnanir sem sinna kennslu. Nefndin haldi áfram störfum á grundvelli upprunalega samkomulagsins frá 2016. Helgi sagði sameiginleg markmið aðila að tryggja að laun og önnur kjör hjá hinu opinbera séu samkeppnishæf til lengri tíma.

Breyttar aðstæður voru í kjaraviðræðum á landinu öllu og voru starfsmenn sveitarfélaganna enginn undantekning þar á. Í kjaraviðræðunum 2023 komi fleiri samningsaðilar að borðinu í ljósi sameiginlegrar aðkomu opinberra launagreiðenda. Sameiginleg aðkoma opinberra launagreiðenda hafi gengið vel og við taki umræða um hvort og hvernig megi formgera slíkt samstarf. Aðrar áskoranir í kjaraviðræðunum 2023 séu fjöldi launataflna þar sem launadreifing er mikil. Það er því snúið verkefni að samræma launamynundunarþætti sérstaklega í ljósi ólíkra

túlkana á undirrituðum samningum. Tekin voru dæmi um launahækkanir og krónutölur og prósentuhækkanir bornar saman.

5. Jafnlaunastofa

Helga Björg Ragnarsdóttir, framkvæmastýra Jafnlaunastofu kynnti starfsemi Jafnlaunastofu.

Helga sagði Jafnlaunastofu vera ætlað að byggja upp og miðla þekkingu á sviði jafnlaunamála með það að markmiði að útrýma launamísretti. Þörf var á nýrri nálgun vegna kröfu jafnréttislaga og var því litið út fyrir landsteinana til fyrirmynnda í þeim málum. Próun samstarfs megi rekja til 2000 þegar starfsmatskerfi Bretlands var ákveðið. Endurskoðun var gerð á starfsmatskerfi árið 2015 og störf endurmetin. Erfiður rammi hjá ríki og sveitarfélögum til endurmats leiddi til þess að Jafnlaunastofa var stofnuð.

Jafnlaunastofa hafi verið í eigu sambandsins og Reykjarvíkurborgar og verði það áfram. Einnig sinni stofnunin fræðslu og ráðgjöf varðandi jafnlaunamál og virðismat starfa á öllum vettvangi. Helga kynnti lagalegar stoðir jafnlaunavottunar en í lögum 150/2020 er rætt um jafna stöðu kynjanna og í 6. gr. um launajafnrétti. Einnig hafa fallið dómar, til að mynda í hæstarétti og hjá evrópubómstól til stuðnings þess að störf séu metin eftir starfsmatskerfi.

Helga Björg kynnti orsakir launamunar kynjanna samkvæmt skilgreiningum Hagstofunnar. Hún sagði að launamunur kynjanna sé efnahagslegur veruleiki. Sveitarfélög hafi sérstöðu í launamun kynjanna enda standi sveitarfélögjin töluvert betur í jöfnun en aðrar stofnanir á Íslandi. Fjölbættar skýringar eru fyrir sérstöðunni en að hluta til má rekja hana til virðismats starfa hjá sveitarfélögum miðað við aðra markaði. Helga kynnti einnig leiðbeiningar um gerð stofnanasamninga þegar meta á þá hæfni sem starfið krefst og þá ábyrgð sem í því fellst.

6. Framlag ríkisins til húsnæðismála og samningar við sveitarfélög

Sigurður Ingi Jóhannsson, ráðherra sveitarstjórnarmála.

Sigurður talaði um fund sinn í Strasbourg með evrópsku sveitarstjórnarfólk og að þar hafi hann fundið vel hve mikilvægt starf sveitarstjórnar er. Hann talaði um ótrúlega tíma sem við göngum í gegn um og nefndi þar sérstaklega stríðið í Úkraínu. Framundan væru óvissutímar, þensla, mikill hagvöxtur og neysla sem þarf að beisla. Fjármálaáætlun hafi það meginhlutverk að skapa jafnvægi. Sigurður nefndi hækken stýrivaxta í þessu samhengi. Atvinnulífið hafi styrkst með nýjum atvinnugreinum.

Sigurður talaði um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og undirstrikaði hlutverk hans til jöfnunar. Verk hans væri ótvíráett skilgreint til þess að jafna grunn sveitarfélaga m.t.t. til landfræðilegar og lýðfræðilegra þátta. Þá standi yfir endurskoðun á regluverki jöfnunarsjóðs og Sigurður sagði það í samráðsgátt stjórnvalda.

Lengi hafi verið búið við miklum sveiflum í húsnæðismálum. Sigurður sagði að samfélagið sé enn að jafna sig á hrúninu fyrir 15 árum. Mikilvægasta ástæða nýs innviðaráðuneytis væri yfirsýn sem ekki hefur náðst. Fyrsta skrefið til að ná yfirsýn er að safna gögnum til þess að byggja gagnabanka sem ætlast er til að verði raunupplýsingar. HMS hafi unnið ötullega að því að byggja upp mannvirkjaskrá: gagnabanka yfir húsnæði á Íslandi en í málaflokknum hafi verið mikil óvissa. Heimili sé athvarf okkar og öryggi. Að eignast heimili getur verið brekka sem er misbrött eftir tímasetningu kaupenda.

Sigurður sagði að húsnæðismál hafi áhrif á verðbólgu og vexti. Það að ná jafnaði á húsnæðismarkaði er forsenda þess að ná jöfnu hagkerfi. Þá standi yfir endurskoðun á

regluverki hlutheildarlána. Ríki og sveitarfélög hafi setið í eigin garði síðustu ár þegar það kemur að húsnæðismálum. Þá væri kominn tími til þess að efla samtal þessara tveggja eininga. Rammasamningur sem undirritaður var í Júlí 2022 hafi verið mikilvægt skref í samvinnu til þess að ná jafnvægi á húsnæðismarkaði.

Hann sagði ríki og sveitarfélög ekki hafa verið nágu samstíga í uppbyggingu húsnæðis. Sigurður sagði góð samskipti hafa verið við ríki þegar samtöl áttu sér stað við undirbúning á rammasamningi við sveitarfélög og HMS um uppbyggingu 35 þúsund nýrra íbúða. Þessi tala sé byggð á greiningarvinnu. Félagslegt húsnæði skal vera um 5% af þessum nýju íbúðum til þess að stytta biðlista.

Uppbygging hagkvæmra íbúða væri driftkraftur jöfnunar. Þar er ekki tjaldað til einnar nætur. Við séum að breyta kerfinu til þess að ná fram velferð til lengri tíma. Framtíðarsýn og samtal um sameiginleg markmið væri grundvöllur þessara áætlana. Sigurður lauk máli sínu með því að þakka fyrir samvinnuna í þessu flotta verkefni og hvetur sveitarfélögini til dáða.

7. Staða húsnæðismála hjá sveitarfélögum

Dagur B Eggertsson, borgarstjóri Reykjavíkurborgar.

Dagur sagði sögu Reykjavíkurborgar vera sögu stöðugrar húsnæðiseklu. Lengi hafi verið eftirspurn eftir húsnæði og sagði þar sögu af braggahverfi sem til kom eftir stríð vegna húsnæðisskorts. Uppbygging Breiðholts í samstarfi við verkalýðsfélögini var flott verkefni sem var meðal annars unnið til þess að leysa upp braggahverfin. Húsnæðismál undanfarinna 20 ára hafi einkennst af því að verkamannabústaðir voru lagðir niður. Var þar um að ræða 14.000 íbúðir um land allt sem stóðu fátæku og lágtekjufólki til boða sem var lagt niður. Ekkert annað stóð þá lágtekjufólki til boða. Á 100 ára afmæli Alþýðusambandsins gerðu Reykjavíkurborg og ASÍ samning um uppbyggingu á 1.000 íbúðum.

Fólk á höfuðborgarsvæðinu fjölgar stöðugt og Reykjavík er þar engin undantekning. Verkalýðsfélögini og stúdentar hafa byggt mikið af íbúðum. Byggð þéttist í öllum póstnúmerum í Reykjavík. Vel er fylgst með þróuninni og reynt að koma til móts við hana og hugsa fram í tímann. Dagur lýsti yfir ánægju með rammasamninginn og taldi upp nokkur markmið sem samningurinn ber. Til að setja stærðargráðu samningsins í samhengi sagði hann að hann jafnist á við að byggja upp 4 Breiðholt.

Einar Freyr Elínarson, sveitarstjóri Mýrdalshrepps.

Einar ræddi uppbyggingu Mýrdalshrepps. Einar sagði frá forsetaheimsókn í Mýrdalshrepp þar sem forseti vor hafði að orði að „nú sé nýtt landnám hafið“. Þar á forseti vor við aukinn innflutning fólks til Íslands. Íbúafjölda Mýrdalshrepps hefur aukist síðasta áratuginn en sagan var önnur hér áður. Þetta má rekja til þess hve mikið ferðamannaiðnaðurinn hefur vaxið. Augu sífellt fleiri einstaklinga og fyrirtækja fór að rekja til Mýrdalshrepps en í kjölfarið hefur orðin mikil hagsveifla og þ.a.l. mikils þrýstings á húsnæðismarkað innan sveitarfélagsins. Þá hefst höfrungahlauð hjá ferðapjónustu, einstaklingum og íbúðum.

Tekinn var sú ákvörðun að ekki skyldi leyfa rekstur til skammtímagistingu í íbúðarhúsnæðum árið 2016. Þessi ákvörðun var ekki vinsæl og því velt upp hvort þetta stangist á við stjórnarskrávarinn eignarrétt. Sveitarfélög hafa rétt og lögbundna skyldu til þess að tryggja heilbrigði íbúa og var þessi ákvörðun tekin út frá því. Þessi ákvörðun var mikið til umræðu og alveg ljóst að endurskoða þurfi regluverk og eftirlit með heimagistingu. Sveitarfélagið hefur

skipulagsvald og getur farið fram á að íbúðarhúsnaði sé notað til íbúðar en ekki rekið sem gististaður.

Einar segir íbúa sveitarfélagsins vera alls konar og markar það heilbrigði samfélagsins. Skipulagning til framtíðar og frumkvæði sveitarfélagsins til þess að byggja meira stuðlar að stöðugum vexti innan Mýrdalshrepps. Einar velti því fyrir sér hvort það liggi tækifæri í nýjum þéttbýliskjörnum á Íslandi í kjölfari aukningar í ferðapjónustu.

8. Málefni flóttafólks og hælisleitenda

Guðmundur Ingí Guðbrandsson, félags- og vinnumarkaðsráðherra.

Málefni flóttafólks er málaflokkur sem stækkaði til muna þegar árás Rússa á Úkraínu hófst. Guðmundur horfði til málefni flóttafólks í staðra samhengi en oft er rætt hér á landi. Alls hafa 4.495 umsóknir um alþjóðlega vernd borist hér á landi árið 2022 og 3.455 fengu veitta vernd á sama ári. Þann 30. mars á þessu ári voru umsækjendur um alþjóðlega vernd á Íslandi nú þegar 1.393.

Guðmundur Ingí sagði að gert væri ráð fyrir yfir 5.000 umsóknum flóttafólks á Íslandi. Mikið af eldra fólk og fólk með fötlun sé að koma til landsins. Fólkid sem hingað kemur er að flyja harðræði. Fólkid flýr innanlandsátök og e.t.v. ofsóknir. Guðmundur Ingí minnti á mikilvægi þess að hafa í huga þá staðreynd að það er fólk á bakvið allar þessar tölur. Þetta er fólk sem vill fá að lifa hamingjusömu lífi og þarf tímabundinn stuðning til þess að ná fótfestu í því landi sem það kemur til.

Ráðherra sagði okkur hafa alþjóðlega skuldbindingu til að taka á móti þessu fólk og að það sé í verkahring hans ráðuneytis að taka vel á móti þeim en þar séu sveitarfélögin í mikilvægu hlutverki. Umsækjendur um alþjóðlega vernd hafa verið um 10 prósent af innflytjendum. Hér er hlutfall innflytjenda svipað og í Noregi og Svíþjóð en atvinnupátttaka þeirra er betri hér en annarsstaðar. Atvinnupátttaka er mikilvægur þáttur í því að komast inn í samfélagið. Hann sagði það vera undir okkur komið að gera þessa fólkstjórgun að tækifærum. Fólk sem hingað leitar gangi vel að komast út á vinnumarkaðinn. Við gleðjumst þessa enda grundvöllur þess að innflytjendur komist inn í samfélag Íslands.

Starfræktar hafa verið móttökustöðvar á Íslandi, gerðar til þess að gefa fólk "one-stop-shop" þar sem það getur nálgast alla þá þjónustu og aðstoð sem í boði er á sama stað og hefur þetta vakið athygli hjá hinum Norðurlöndunum.

Stjórnvöld hafa lagt upp með að taka á móti 3.000 einstaklingum í samræmda móttökustöð. Framundan verði tekin fyrir húsnæðismál og skólaganga sem er með því mikilvægasta í móttökunni að mati ráðherra. Leitað sé lausna í þessu með því að reisa einingarbyggðir með húsnæði fyrir 200-250 manns til skamms tíma. Hafnar hafi verið samræður við nokkur sveitarfélög um uppbyggingu þessa. Eitt sveitarfélag standi upp úr í móttöku flóttafólks og það er Reykjanesbær. Stöðugt sé unnið að því aðstoða sveitarfélagið í innviðauppbryggingu ásamt því að hjálpa Reykjanesbæ að dreifa fólk bæði innan og milli sveitarfélaga.

Guðmundur sagði hvað mest sláandi þegar fjöldi innflytjenda og flóttafólks eykst skyndilega er að Ísland á enga stefnu um það hvernig haga skal móttöku þess. Vinna sé þá hafin í ráðuneytinu að stefnu Íslands í málefnum innflytjenda og flóttafólks og frumvarpsgerð um móttöku, þjónustu og inngildingu innflytjenda í íslenskt samfélag.

Upp munu koma álitaefni og hann kastaí einu fram strax; á að vera kvóti eftir því hve mörgum sveitarfélög geta tekið á móti?

Einungis hluti barna sem hingað koma á flótta fái að fara í skóla. Aðgerðaráætlun fyrir móttöku, kennslu og þjónustu fyrir börn fyrir ríki og sveitarfélög sé í vinnslu. Hér eru margar áskoranir en við höfum ekkert val um hvort við ætlum að gera þetta, það er bara spurning um hvort við gerum þetta vel eða illa.

Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri Bláskógabyggðar – örерindi.

Ásta sagði marga ekki gera greinamun á umsækjendum um alþjóðlega vernd og þá sem nú þegar eru komnir með vernd en á þessu sé munur. Ásta taldi upp áskoranir sem fylgja því að taka á móti umsækjendum um alþjóðlega vernd og þá sérstaklega varðandi framboð á þjónustu svo sem heilbrigðis og löggæsluþjónustu. Einnig komi upp áskoranir þegar börn búa í sveitarféluginu en eru þar ekki með lögheimili. Einnig sé óljóst hvað skuli kenna börnum sem dvelja stutt í sveitarféluginu en í landinu er skólastylda.

Ásta gagnrýndi leiðbeiningar frá ríkinu og sambandinu um hvernig skuli útfæra þessa þætti og finnst henni þær ekki nágu ýtarlegar. Ásta minnist á verkþáttaskipurit almannavarna og hvernig sveitarfélagið vinnur eftir því í málaflokknum. Sveitarstjórin sagði manneklu vera hindrun í að sveitarfélagið gæti sinnt hlutverki sínu eins vel og þau vilji.

Í lausn fyrir húsnæðisvanda hefur Skipulagsstofnun og ríki tekið höndum saman en ekki hefur verið haft nægilegt samráð við sveitarstjórnarstigið. Um er að ræða neyðarúrræði og skilningur sé fyrir því en varast skal að ætla að ráðast í framkvæmdir án nægilegrar aðkomu sveitarstjórnarstigsins þar sem það fari með skipulagsvaldið.

Ásta Kristín Guðmundsdóttir, teymisstjóri alþjóðateymis hjá Reykjaneshá – örerindi.

Ásta minnti á að Reykjaneshá hafi verið leiðandi í þjónustu flóttafólks og verið fyrimynd þeirra leiða sem Ísland er skuldbundið að fara. Með reynslu Reykjaneshávar var ákveðið að taka þátt í samvinnuverkefni á móttöku flóttafólks. Reykjaneshá og Suðurnesin í heild séu fjölbreytt samfélag sem hefur mótað stefnu sína með fjölbreytileika að leiðarljósi. Pessi fjölbreytileiki hafi líka áskoranir í för með sér.

Þá skipti máli að það sé til ákveðið verklag, mannskapur og úrræðasemi til þess að takast á við krefjandi verkefni móttöku flóttafólks. Vandinn sem Reykjaneshá hefur staðið frammi fyrir liggi ekki í fjölbreytileikanum heldur þvert á móti. Vandinn liggar í fáum úrræðum ríkis til stuðnings við Reykjaneshá. Þá sé fjöldi nýrra flóttamanna orðinn um 5% af íbúafjölda sveitarfélagsins sem er alltof mikil aukning á stuttum tíma miðað við úrræðin sem Reykjaneshá hefur til afnota. Ofvöxtur bæjarfélagsins hafi leitt til niðurbrots á innviðum. Verst sé að orðræða innan samfélagsins hafi orðið neikvæð gagnvart þessum fjölbreytileika sem sveitarfélagið hefur fagnað lengi.

Ásta ítrekaði að móttaka flóttafólks sé sameiginlegt verkefni okkar allra. Því þurfi fleiri sveitarfélög að slást í hópinn svo vel megi fara.

9. Kosning eins fulltrúa í stjórn sambandsins og afgreiðsla tillagna

Kjörnefnd tilnefndi Einar Brandsson, bæjarfulltrúa á Akranesi til aðalmanns í stjórn og Júníónu Björgu Óttarsdóttur bæjarfulltrúa í Snæfellsbæ til varamanns í stjórn.

„Kjörbréfanefnd hefur farið yfir þau kjörbréf sem sveitarfélögin hafa sent skrifstofu sambandsins.

Öll kjörbréfin eru gild.

Rétt kjörnir fulltrúar með atkvæðisrétt á þinginu eru 128 frá 56 sveitarfélögum.

Pá voru mættir 4 stjórnarmenn sambandsins með málfrelni og tillögurétt og aðrir fulltrúar með málfrelni og tillögurétt eru samtals 53.

Alls voru því mættir til landsþingsins 185 fulltrúar.

Að auki sitja þingið 12 gestir og 20 starfsmenn sambandsins.

Seturétt á landsþinginu eiga 152 fulltrúar frá 56 sveitarfélögum með atkvæðisrétt. Enginn fulltrúi er frá 7 sveitarfélögum.

Það var álit kjörbréfanefndar að XXXVIII. landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga teljist lögmætt og ályktunar bært.“

Kjörnefnd lagði tilnefningar fyrir kosningu þingsins. Samþykktar voru báðar tilnefningar með engu mótframboði eða athugasemdum. Að lokum var ákveðið að samþykkjá tilnefningar með lófaklappi.

10. Þingslit

Heiða Björg Hilmisdóttir tók til máls og þakkaði Karlí Björnssyni fyrir vel unnin störf. Karl lýkur sínum störfum 1. maí 2023. Í kjölfarið á ræðu Heiðu í garð Karls var honum veitt áttunda heiðursmerki sambandsins. Karl Björnsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga, hélt að lokum kveðjuræðu og sleit seinasta landsþingi sínu.

Þingi var slitið kl. 16:24

Nökkvi Dan Elliðason

Nökkvi Dan Elliðason

Þorgerður M. Þorbjarnardóttir

Þorgerður M. Þorbjarnardóttir